



Fundargerð

186. fundur Íþróttá- og tómstundaráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
24. september 2024, kl. 10:00

Viðstaddir: Friðþjófur Helgi Karlsson formaður, Birgir Már Bragason, Hjördís Baldursdóttir, Marta Sigurðardóttir og Sindri Kristinn Ólafsson.

Að auki sátu fundinn Hafþór Barði Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi, Rúnar Vífill Arnarson formaður Íþróttabandalags Reykjaneshæjar og Íris Eysteinsdóttir ritari.

* * *

1. Siglingafélagið Knörr - beiðni um kaup á búnaði og kynning á framtíðarsýn (2021120233)
Ögmundur Erlendsson og Jón Helgason frá Siglingafélaginu Knörr mættu á fundinn og kynntu starfsemi félagsins og framtíðarhugleiðingar. Starfið flokkast undir öll heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.
Íþróttá- og tómstundaráð þakkar fyrir góða kynningu og vísar erindinu til vinnu við fjárhagsáætlun 2025.
2. Frístundastefna Reykjaneshæjar - vinnuferli (2023050566)
Ólafur Bergur Ólafsson frístundaráðgjafi og umsjónarmaður ungmennaráðs Reykjaneshæjar og Gunnhildur Gunnarsdóttir forstöðumaður Fjörheima og 88 hússins mættu á fundinn og kynntu fyrirhugaða vinnu við frístundastefnu Reykjaneshæjar.
Íþróttá- og tómstundaráð þakkar Ólafi Bergi og Gunnhildi fyrir kynninguna og leggur áherslu á samstarf og samvinnu við alla aðila.
3. Fjárhagsáætlun íþróttá-, tómstunda- og lýðheilsumála 2025 (2024080166)
Hafþór Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi fór yfir fjárhagsramma íþróttá- og tómstundamála og þær óskir sem hafa borist á árinu.
4. Beiðni Keflavíkur um kaup á myndavélabúnaði (2024090331)
Íþróttá- og tómstundaráð tekur undir erindi Keflavíkur, íþróttá- og ungmennafélags og telur mikilvægt að aukin verði rafræn vöktun í íþróttamannvirkjum og fyrir utan þau.

Málinu vísað til fjárhagsáætlunarvinnu fyrir árið 2025.

5. Lýðheilsu- og forvarnarvika Reykjanesbæjar (2024080331)

Hafþór Birgisson Íþróttá- og tómstundafulltrúi fór yfir dagskrá lýðheilsu- og forvarnarviku Reykjanesbæjar sem hefst 30. september og stendur til 6. október nk.

Hægt er að kynna sér fjölbreytta dagskrá vikunnar á visitreykjanesbaer.is

Íþróttá- og tómstundaráð þakkar íbúum, stofnunum Reykjanesbæjar og fyrirtækjum fyrir að skipuleggja áhugaverða viðburði í vikunni og hvetur íbúa Reykjanesbæjar til virkrar þátttöku.

6. Samningur um eflingu barna- og ungmennastarfs Sundráðs ÍRB (2023110139)

Samningurinn lagður fram og samþykktur.

7. Nettóhöll - beiðni aðalstjórna Keflavíkur og Njarðvíkur (2023080210)

Aðalstjórnir Keflavíkur og Ungmennafélags Njarðvíkur óska eftir framlengingu samnings við Reykjanesbæ um áframhaldandi umsjón Reykjaneshallar.

Íþróttá- og tómstundaráð samþykkir að samningurinn verði framlengdur út árið 2025.

8. Fyrirspurn frá Keflavík vegna nýs íþróttahúss við Myllubakkaskóla (2024090519)

Eftirfarandi er bókun stjórnar Eignasjóðs frá fundi ráðsins 19. september 2024:

Óskað var eftir að skoðaður yrði möguleikinn á stækkun á íþróttahúsi Myllubakkaskóla í samræmi við íþróttahús Akurskóla í þeim tilgangi að hægt verði að halda þar íþróttaviðburði með áhorfendum.

Stjórn Eignasjóðs samþykkir að farið verði í hönnun samkvæmt framkomnum tillögum og leggur áherslu á að hönnunin verði unnin í samvinnu við Hafstein Ingibergsson forstöðumann íþróttamannvirkja.

Íþróttá- og tómstundaráð fagnar bókun stjórnar Eignasjóðs frá 19. september sl.

9. Beiðni Ungmennafélags Njarðvíkur um breytingu á aðstöðu Massa (2024090576)

Íþróttá- og tómstundaráð gerir ekki athugasemdir þar sem ekki fellur kostnaður á Reykjanesbæ og jákvæðar umsagnir Hafsteins Ingibergssonar forstöðumanns íþróttamannvirkja og Guðlaugs H. Sigurjónssonar sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs liggja fyrir.

10. Beiðni UMFN vegna meistaraflokks kvenna (2024060007)

Erindi lagt fram.

11. Stefna um starfsmannaíbúðir á Suðurnesjum - beiðni um umsögn (2024080039)

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar óskar eftir umsögn um drög að stefnu um starfsmannaíbúðir á Suðurnesjum, sem er samstarfsverkefni Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar.

Íþrótt- og tómstundaráð felur Friðþjófi Helga Karlssyni formanni íþrótt- og tómstundaráðs að koma athugasemdum ráðsins áfram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.14.